

Aðalfundur SFÍ 2017 GOLFSKÁLANUM ÚTHLIÐ 20.10.2017

Fundur settur kl. 20.10. Sverrir skipaður fundarstjóri og Lís fundarritari

Mættir: Þorvarður Ingimarsson, Elísabet(Lísa) Gunnarsdóttir, Sverrir Möller, Trausti Hjálmarsson, Kristín Magnúsdóttir, Arnþór Jónsson, Marsibil Erlendsdóttir, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Maríus Snær Halldórsson, Svanur Guðmundsson og Halldór Sigurkarlsson.

Skýrsla stjórnar SFÍ (frá síðasta aðalfundi) og deilda:

Landskeppni SFÍ var haldin að Bæ í Miðdölum. Að henni stóðu Félag Sauðfjárnænda í Dölum og Snæfellsnessdeild SFÍ í samstarfi við Smalahundafélagið. Í tengslum við það voru vinnuhundapróf ISDS þar sem 2 hundir tóku prófið. Snæfellsnessdeildin var með eitt námskeið í tengslum við landskeppnina. Tvær keppnir voru að auki á vegum deildanna. Nokkur námskeið voru þar að auki á landsvísu sem félagar í SFÍ kenndu. Voru talin upp fimm námskeið sem komu upp í hugann. Ísland tók í fyrsta skipti þátt í ISDS heimsmeistarmóti Border Collie vinnuhunda. Aðalsteinn Aðalsteinsson með tíkina Frygg og Elísabet Gunnarsdóttir með tíkina Pöndu kepptu fyrir Íslands hönd.

Fulltrúar þeirra deilda sem voru mættir fóru stuttlega yfir starf deildanna. Suðurlandsdeildin stóð fyrir einni keppni og einhverjum hittingum. Snæfellsnessdeildin hafði umsón með landsmóti og samhlíða því námskeiði með Bevis Jordan. Þar var einnig eitt námskeið. Austurlandsdeildin stóð fyrir einni keppni.

Inntaka nýrra félaga árið 2016:

Lísa las upp 21 nýja félaga og þeir voru boðnir velkomnir með lófataki. 12 félagar höfðu verið felldir af félagaskrá vegna vangoldinna félagsgjald og 4 sögðu sig úr félaginu. Þá voru 235 félagar í félaginu í árslok 2016.

Reikningar SFÍ 2016:

Tekjur námu 1.063.415 kr. (þ.a. 293.415 v isds). Gjöld 766.205 (þ.a. v isds 293 415) Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 40.733. Hagnaður kr. 337.943. Eignir voru í árslok kr. 2.865.127. Skuldir kr. 367.500 (áætluð skuld) og e.fé. kr. 2.497.627.

Varsi var búinn að vera í samskiptum við Bændasamtökin um uppgjör umsjónargjalda fyrir Snata eins og um var samið í upphafi. Sverrir Möller tók fram að við ættum Snata forritið. Borguðum það að fullu á sínum tíma.

Svanur lýsti yfir ánægju sinni með reikningana. Ársreikningur samþykktur með öllum atkvæðum.

Tillögur um breytingar á reglum:

Stjórn gerði tillögu að breyttum keppnisreglum SFÍ. Rætt var um breytingarnar á keppnisreglunum og ýmis sjónarhorn rædd. Nýjar keppnisreglur lesnar upp og þær samþykktar með smávægilegum breytingum. Taki þær gildi nú þegar fyrir utan að þær reglur sem koma að því að takmarka þáttöku við félagsmenn SFÍ og hunda skráða hjá SFÍ, þær reglur taka gildi 2018.

Keppnisreglur SFÍ fyrir landskeppnir (gömlu reglurnar)

- ~~1. Sé landskeppni haldin í tvo daga þar sem allir hundar fá tvö rennsli gildir samanlagður fjöldi stiga til verðlauna.~~
- ~~2. Unghundaflokkur er fyrir hunda yngri en 3ja ára miðað við fæðingardag.~~
- ~~3. Hundur í B-flokki sem nær 50 stigum eða meira í einu rennsli á landskeppni keppir framvegis í A-flokki. Aðeins hundar eldri en 3ja ára hafa keppnisrétt í B-flokki.~~
- ~~4. A-flokkur er opinn flokkur og öllum heimilt að keppa í þeim flokki.~~
- ~~5. Sami hundur getur einungis keppt í einum flokki á landskeppni.~~
- ~~6. Í öllum flokkum skal keppt að 100 stigum.~~
- ~~7. Dæmt sé eftir reglum ISDS (The International Sheepdog Society).~~
- ~~8. Reglum þessum verður aðeins breytt með samþykki aðalfundar.~~

Keppnisreglur SFÍ fyrir landskeppnir (nýju reglurnar)

1. Á meðan fjöldi hunda leyfir er lagt upp með að landskeppni SFÍ séu tveir dagar og allir hundar fái tvö rennsli. Sé landskeppi SFÍ haldin í tvo daga þar sem allir hundar fá tvö rennsli gildir samanlagður fjöldi stiga til verðlauna.
2. Falli annar dagurinn niður sökum veðurs eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum gildir eitt rennsli til úrslita.
3. Sé fjöldi hunda meiri en svo að hægt sé að koma því við með góðu móti að allir hundar fái tvö rennsli skulu efstu hundarnir í hverjum flokki keppa til úrslita.
4. Aðeins félagar í SFÍ geta keppt á landskeppni SFÍ. Hægt er að skrá sig í félagið samhliða skráningu hunds á mót að því gefnu að félagsgjald sé greitt við sama tilefni.
5. A-flokkur er aðeins fyrir hunda sem eru skráðir hjá SFÍ. Allir hundar með skráningu hjá SFÍ geta keppt í A-flokki óháð aldri. Þar er keppt að 110 stigum.
 - a. Úthlaup 20 stig, setja af stað 10 stig, koma með 20 stig, rekstur 30 stig, skilja að 10 stig, rétt 10 stig, taka eina frá 10 stig.
6. Unghundaflokkur er aðeins fyrir hunda sem eru skráðir hjá SFÍ. Þar keppa hundar yngri en 3ja ára miðað við fæðingardag. Í unghundaflokki er keppt að 100 stigum.
 - a. Úthlaup 20 stig, setja af stað 10 stig, koma með 20 stig, rekstur 30 stig, halda kindunum í aðskilnaðarhringnum 10 stig, rétt 10 stig.
7. B-flokkur er opinn öllum þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á vellinum og gildir þar einu hvort um er að ræða hund eða smala. Hundar sem hafa náð 60 stigum í einu rennsli geta ekki keppt aftur í B-flokki. Í B-flokki er keppt að 100 stigum.
 - a. Úthlaup 20 stig, setja af stað 10 stig, koma með 20 stig, rekstur 30 stig, halda kindunum í aðskilnaðarhringnum 10 stig, rétt 10 stig.
8. Sami hundur getur einungis keppt í einum flokki á landskeppni hverju sinni.
9. Dæmt skal eftir reglum ISDS (The International Sheepdog Society)
10. Reglum þessum verður aðeins breytt með samþykki aðalfundar.

Aðalsteinn Aðalsteinsson sagði frá þeirri hugmynd dómara að reka upp á báðar hliðar, eina hlið hvorn dag. Fundurinn taldi að deildin hefði heimild til að ráðstafa þessu eins og hún vildi.

Styrkur til deilda

Stjórn SFÍ leggur til að styrkur til deilda vegna landsmóta SFÍ verði hækkaður í 50.000 kr. Samþykkt samhljóða.

Reglur um skráningu í ættbók SFÍ (Snata), töluliður 3b - breyting

Stjórn lagði til eftirfarandi breytingu: Hundur sem hefur unnið til 65 „75“ stiga (í einu rennsli) eða meira í „B-flokki“ á landskeppni SFÍ þarf ekki að fá sérstakt mat nefndarinnar heldur getur sótt beint um skráningu. Tillagan var samþykkt.

Reglur um þáttöku SFÍ á heimsmeistarmóti ISDS

Lagðar fyrir aðalfund eftirfarandi reglur settar á símafundi stjórnar 09.11.2016 kl 21.00-21.40. Á fundinum voru Jón Geir Ólafsson og Þorvarður Ingimarsson úr aðalstjórn og Ásta G. Einarsdóttir og Bjarki Benediktsson varamenn.

Rétturinn til að keppa fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti BC smalahunda ræðst af árangri í keppni í A-flokki á síðasta landsmóti fyrir heimsmeistaramótið. Rétturinn rennur til efstu sætanna en heltist einhver úr lestinni gengur rétturinn áfram til þeirra keppanda í A-flokki sem röðuðu sér í næstu sæti á eftir í rétttri röð með eftirfarandi takmörkunum:

- ~~1. Aðeins smali og hundur sem hafa í einu rennsli í A-flokki unnið sér inn 70 stig af 100 eða meira geta verið fulltrúar félagsins á heimsmeistaramóti smalahunda.~~
2. Aðeins félagar í Smalahundafélagi Íslands með hunda skráða hjá Smalahundafélagi Íslands geta verið fulltrúar félagsins.
3. Hafi stjórn upplýsingar um að keppandi sæti rannsókn yfirvalda um dýravelferð vegna gruns um illa meðferð á dýrum getur viðkomandi ekki verið fulltrúi félagsins á heimsmeistaramótum fyrr en málinu er lokið og keppandinn hreinsaður af grun.

Endanleg ákvörðun stjórnar um hverjir fara út fyrir Íslands hönd skal í samræmi við ofangreindar reglur liggja fyrir í síðasta lagi 15. nóvember árið á undan komandi heimsmeistarmóti.

Þeir keppendur sem fara út fyrir Íslands hönd geta skráð til vara annan hund en þann sem þeir kepptu með. Sá hundur hundur öðlast keppnisrétt ef sá fyrri dettur úr leik af óviðráðanlegum orsökum. Sá hundur þarf ekki að vinna sér inn keppnisrétt með 70 stigum, heldur er litið svo á að smalinn hafi unnið sér inn keppnisrétt.

SFÍ styrkir keppendur um upphæð sem stjórn Smalahundafélags Ísland ákveður í hvert skipti.

Reglurnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Viðmið um verkefni og verkaskiptingu milli deilda og SFÍ í tengslum við landsmót SFÍ

Stjórn SFÍ gerði tillögu að eftirfarandi verkaskiptingu:

Smalahundafélag Íslands (SFÍ) og sú deild sem heldur mótið hverju sinni skulu hafa samráð um skipulagningu mótsins, að auglýsa mótið og koma úrslitunum á framfæri að móti loknu.

SFÍ er ábyrgt fyrir að útvega dómara fyrir landsmót og semur um og greiðir laun hans. SFÍ sér um að bóka og borga flug fyrir dómara og gistingu í tengslum við komu/brottför hans til/frá Íslandi komi til þess. SFÍ sér um að borga kostnað sem fellur til vegna verðlaunagripa. Að auki borgar SFÍ styrk til þeirrar deildar sem tekur að sér að halda mótið. Upphæðin skal ákveðin á aðalfundi fyrir mót og sé ekki um hana fjallað á aðalfundi skal gera ráð fyrir að hún sé sú sama og árið þar á undan.

SFÍ og deildin finna saman út úr því hvernig er best að koma dómaramum frá flugvellingum á mótsstað hverju sinni og til baka.

Deildin sér alfarið um framkvæmd mótssins, svo sem að útvega fé, keppnisvöll, mannskap og tæki til að sjá um sleppingar og tekur á sig þann kostnað sem fellur til vegna þessa. Deildin sér um upphald dómara eftir að hann er kominn á mótsstað, bæði fæði og gistingu. Deildirnar sjá um að útvega verðlaun fyrir landskeppni og kalla eftir farandbikurum. Deildin sér jafnframt um að sjá til þess að farandbikararnir fari í merkingu.

Óski deildirnar eftir því skal SFÍ kanna áhuga dómara á að halda námskeið samhliða keppninni sem deildirnar sjá þá um. Deildin stendur straum af kostnaði við námskeiðið og fær jafnframt allar tekjur af þátttökugjöldum.

Samhliða landskeppnum skal SFÍ undirbúa ROM (Registration on Merit) vinnupróf í samstarfi við ISDS og auglýsa þau til félagsmanna með hæfilegum fyrirvara.

Samhliða landskeppnum skal SFÍ einnig undirbúa og auglýsa aðalfund félagsins.

Viðmið um verkefni og verkaskiptinu milli deilda voru samþykkt.

Kosningar

Aðalmaður í stjórn: Lísu hættil og henni þakkað fyrir sín störf. Tillaga stjórnar um Aðalstein Aðalsteinsson. Aðalsteinn kosinn með 9 atkvæðum, en Maríus fékk 1 atkvæði.

Varamaður: Ásta Einarsdóttir, klöppuð upp aftur.

Skoðunarmaður reikninga: Maríus Snær kosinn (með Sverri M.)

Dómarar í vinnueðlismati: Gunnar Einarsson, Svanur Guðmundsson og Hilmar Sturluson endurkjörnir.

Umsjónarmenn Snata (engar reglur um kosningu): Eftirfarandi reglur samþykktar: formaður hverju sinni og umsjónarmaður kosinn á 3ja ára fresti. Hilmar kosinn.

Önnur mál

Lísa las kveðjupistil:

Nú þegar ég er að kveðja stjórn Smalahundafélags Íslands langar mig að segja nokkur orð.

Mér þykir ofboðslega vænt um félagið og ég vil að félagið njóti sannmælis fyrir það sem vel er gert því víða eru mikil gæði innan félagsins. Við eigum að vera stolt af félaginu okkar og nota hvert tækifæri sem gefst að koma á framfæri því sem vel er gert hjá félaginu eða einstökum félögum. Það skiptir máli að félagið njóti virðingar og félagið sé að sama skapi vant að virðingu sinni.

Í því samhengi megum við ekki missa sjónar á að við félagarnir og félagið erum eitt. Eitt það mikilvægasta sem við félagarnir og félagið eigum saman er orðsporið. Þegar einn félagsmaður gerir vel lyftir það félaginu upp og annar félagsmaður getur með sama hætti dregið félagið niður. Á sama hátt hefur það áhrif á félagsmenn hvernig félagið hagar sínum málum og virðing einstakra félaga sjaldnast mikið meiri en orðspor félagsins. Þegar gott orð fer af félaginu þá verður aðild að félaginu meira virði, áhrif félagsins meiri, hugmyndafræði félagsins fær betri áheyrn, þjónusta við félagsmenn betri, ræktunin okkar verður meira virði og þannig meiri líkur á því að góðir hundar verði áfram ræktaðir. Þegar pabbi var að byrja að láta frá sér hunda voru jafnvel góðir hundar meira og minna einskis virði. Hundar í dag eru í sjálfu sér ekkert betri, en þeir eru meira virði í ýmsum skilningi því hugarfarið hefur breyst og fleiri kunna að fara með þá. Það er ekki síst SFÍ að þakka og því góða fólki sem byggði félagið upp. Þetta er ekki sjálfsagt og við þurfum öll sem eitt að hjálpast að við að hlú að félaginu. Ekkert félag er til án samvinnu félagsmannanna og án félags á hver einstakur félagsmaður ekkert bakland.

Um leið og við eigum að vera stolt af félaginu, eigum við að vera opin fyrir hugmyndum um það sem betur mætti fara. Hingað til hefur hver félagsmaður verið ábyrgur fyrir sinni ræktun. Ætti félagið að marka skýrari stefnu? ...til dæmis að skylda alla ræktendur í DNA augnpróf? ...eru etv. aðrir þættir sem þarfnast skoðunar? Ég ætla ekki að reyna að svara því hér og eru þessar vangaveltur meðal annars verkefni næstu stjórnar.

Mér finnst samstafið við ISDS mjög mikilvægt. Það snýst ekki bara um heimsmeistaramót eða ISDS skráningar þó að sé vissulega hluti af heildarpakkanum. Það staðfestir fyrst og fremst að við erum að vinna eftir sömu áherslum og ISDS. Með aðild að ISDS skuldbindum við okkur til að vinna innan meginreglna ISDS. Þetta er ákveðinn gæðastimpill. ISDS er ekki bara einhvert félag heldur félag sem var stofnað utanum BC tegundina og hefur gætt hennar frá upphafi. Án ISDS er ekki víst að tegundin væri til. SFÍ var stofnað að fyrirmynd ISDS á sínum tíma. Við SFÍ erum lítið félag með litla yfirbygginu og allt starf þar er unnið í sjálfboðavinnu. Það er mikilvægt fyrir félagið og að hafa skýra fyrirmynd sem veitir okkur aðhald og um leið aðstoð og leiðbeiningar. Samstarfið tengir okkur einnig við umheiminn og önnur sambærileg félög um allan heim. Margur getur verið stór fiskur í lítilli tjörn og mikilvægt að vita hvað er að gerast í úthafinu. Hvernig hlúum við best að þessu samstarfi? ...það er líka umhugsunarefni næstu stjórnar.

Þegar ég hugsa um framtíð félagsins hugsa ég 10 til 20 ár fram í tímann. Hvernig félag viljum við vera, hvernig hunda viljum við rækta, hvaða valkosti viljum við að okkar félagar hafi í framtíðinni. Ég vil að félagið standi jafnfætist öðrum sambærilegum félögum í heiminum að virðingu og gæðum og félagarnir okkar hafi sömu tækifæri og félagar sambærilegra félaga í öðrum löndum. Að þeir geti,

hafi þeir áhuga á því, skapað sér nafn í smalasamfélaginu á heimsvísu. Það þýðir alls ekki að við á Íslandi getum ekki haft einhverja sérstöðu.

Við megum samt aldrei missa sjónar af aðalatriðinu. Samkvæmt lögum er „Tilgangur félagsins er að stuðla að skráningu og ræktun smalahunda. Skal það beita sér fyrir sýningum, keppnum og efla samstöðu meðal ræktenda og eigenda. Félagið leiti samvinnu við [...]”¹ þá aðila sem vilja efla fræðslu og kynningu á smalahundum.“ Í mínum huga snýst þessi félagsskapur fyrst og síðast um að rækta góða hunda; hrausta hunda með góða smalaeiginleika. Allt annað er hliðarafurð af því. Menn geta svo deilt um hvernig nákvæmlega bestu hundarnir eiga að vera. Það er bara hollt. Mér finnst mikilvægt að gleyma aldrei uppruna BC tegundarinnar sem var ræktuð til að aðstoða bændur við að stjórna búfénaði. Tegundin var ræktuð með tilliti til eiginleika, ekki útlits og þessi ræktun hefur skilað okkur einni hraustustu og klárustu hundategund í heimi. Félagið má aldrei fara að snúast um snobb, útlitsstaðla, blásna makka eða ópraktískar týskusveiflur, heldur að varðveita þá frábæru fjárhundaeiginleika sem einkenna tegundina Border Collie.

Eins og áður sagði þá þykir mér ofboðslega vænt um félagið og þykir vænt um að hafa fengið tækifæri til að hlú að og taka þátt í að móta stefnu félagsins undanfarin ár ásamt félögum mínum í stjórninni. Á sama tíma verður ágæt tilbreyting að kúpla sig aðeins út úr málefnum félagsins og láta öðrum góðum eftir að taka ábyrgðina á félaginu.

Með þessu orðum þakka ég kærlega fyrir mig og býð nýja stjórn hjartanlega velkomna ☺

Lísa var kvödd með lófataki og hófust síðan umræður um önnur mál.

Spurt út í deildir hvar þær lægu á landsvísu. Það er engin regla, landshlutar eða svæði geta stofnað deildir orðið aðilar að SFÍ. Margir félagar eru utan deilda og sumir ekki endilega í þeirri deild sem stendur þeim landfræðilega næst.

Spurt var út í námskeiðahald. SFÍ hefur milligöngu um að athuga hvort sá dómari sem dæmir á landsmóti hverju sinni geti haldið námskeið í samstarfi við deildirnar, annars hefur fyrirkomulagið þróast með þeim hætti að oftast eru einhverjir hópar sem hafa samband við einhvern reynslumeiri félagsmanna og óska eftir námskeiði.

Fundarritari óskaði eftir að fá að hreinskrifa fundargerð og senda á fundarmenn, þeir hafa 5 daga til að gera athugasemdir eftir að hafa fengið fundargerðina senda.

Fundi slitið

¹ Í hornklofa stendur í reglum SFÍ ...„Landbúnaðarháskólana og aðra þá“...